

# Umhverfismat

## Gátlisti fyrir framhalds- og háskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað átthagar og landslag í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að nemendur vinni sem mest sjálfstætt. Nemendur geta fundið svör við sumum spurningunum sjálfir en stundum þarf aðstoð frá kennurum eða öðru starfsfólki.

Einnig eru spurningar þar sem nemendur þurfa að afla sér upplýsinga eða gera litla rannsókn til að mæla ákveðna þætti yfir einhvern tíma.

## Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

**Dagsetning:** \_\_\_\_\_

**Undirskriftir þátttakenda:**

# Átthagar og landslag



## Hugur þekking

	já	nei	athugasemdir
Þekkja nemendur helstu kennileiti í umhverfi sínu og samfélagi?			
Fá nemendur fræðslu um landmótun í nærumhverfinu?			
Fá nemendur fræðslu um örnefni í kringum skólann og í nærumhverfinu?			
Fá nemendur fræðslu um sögu nærumhverfis, hefðir og nýtingu þess fyrr á tímum og nú?			
Fá nemendur fræðslu um mun á náttúrulegu og manngerðu umhverfi?			
Fá nemendur fræðslu um mismunandi gróðurfar?			
Fá nemendur fræðslu um mun á örfoka og grónu landi?			
Læra nemendur um þróun nærumhverfis í gegnum tíðina og hvaða hagsmunir og hugmyndir búa að baki því?			
Læra nemendur að hugleiða tækifæri og takmarkanir nærumhverfis fyrir ýmsa nýtingu og atvinnustarfsemi?			
Læra nemendur um helstu lýðræðislegu boðleiðir til að geta haft áhrif á ákvarðanir sem viðkoma nærumhverfinu?			



## Hjarta skólinn og samfélagið

	já	nei	athugasemdir
Fara nemendur í ferðir og kynnast landslagi í nærumhverfinu, s.s. fjöllum, dölum, fjöru, móa og mýrum?			
Fá nemendur tækifæri til útvistar í nærumhverfinu?			
Er nærumhverfi skólans nýtt sem námsvettvangur?			
Er skólalóðin hönnuð með tilliti til nemenda?			
Eru græn svæði á skólalóðinni?			
Eru græn svæði eða villt náttúra nálægt skólalóðinni sem nemendur komast auðveldlega í?			
Er aðstaða sem hægt er að nýta í útikennslu í nágrenni skólans?			
Hafa áttthagar og landslag verið fléttað inn í einhver málefni kennslunnar? Ef já, í hvaða áfanga/málefni?			



## Hendur aðgerðir

	já	nei	athugasemdir
Eru notaðar fjölbreyttar og skapandi kennsluaðferðir til að skoða og meta nærumhverfið á gagnrýnan hátt m.t.t. þarfa íbúa?			
Eru samstarfsverkefni um sjálfbærni eða umhverfismál á milli skólans og stofnanna eða fyrirtækja í nærsamfélaginu?			
Vinna nemendur verkefni um landslag í nærumhverfinu?			
Skipuleggur skólinn viðburði eða þemadaga sem tengjast Grænfánaverkefninu?			
Hafa nemendur áhrif á hvernig skólalóðin lítur út?			
Hafa nemendur vakið athygli á sjálfbærni eða umhverfismálum í skólanum, stofnunum eða fyrirtækjum í nærsamfélaginu?			
Hafa nemendur haft áhrif á nærsamfélag sitt ef þeim hefur fundist eitthvað ábótavant, t.d. skrifa bréf til sveitastjórnar?			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við átthaga og landslag?			

## Til umræðu:

Hvað er lýðræði?

·Hvað þýðir að vinna á lýðræðislegan hátt?

·Hvað þykir ykkur vænt um í umhverfi ykkar og samfélagi?

·Langar ykkur að breyta einhverju í umhverfinu eða samfélaginu?

·Hvað getið þið gert til að breyta því?

·Af hverju er mikilvægt að við getum haft áhrif á umhverfi okkar og samfélag?

Vitið þið hvernig umhverfi ykkar og samfélag hefur breyst á síðustu 50 árum? Reynið að finna gamlar myndir af samfélaginu eða spyrjið eldra fólk t.d. Ömmur og afa.

## Markmið og aðgerðir innan þemans landslag og átthagar